

manns fyrir yfirdóminum, organista P. Guðjohnsens og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 12 kr. handa hvorum þeirra, borgist úr opinberum sjóði.

Nr. 13/1877:

Rjettvísín

gegn

Jóni Jónssyni, Hjálmari Nielssyni
og Jóni Guðmundssyni.

Dómur.

Með dómi bæjarfógetans í Reykjavík, upp kveðnum 5. marzmán. þ. á., eru hinir ákærðu Jón Jónsson, Hjálmar Nielsson og Jón Guðmundsson dæmdir fyrir þjófnað, hinn fyrst nefndi í 8 mánaða betrunarhúsvinnu, og til að endurgjalda Magnúsi kaupmanni Jónssyni 14 kr. 75 a., þar af 14 a. in solidum með Jóni Guðmundssyni; Hjálmar Nielsson í 50 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og til að endurgjalda nefndum kaupmanni 1 kr. 55 a., og Jón Guðmundsson í 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og til að endurgjalda áðurnefnda 14 a. in solidum með Jóni Jónssyni. Svo eru hinir ákærðu og dæmdir til að greiða allan málskostnað, þar á meðal 10 kr. til svaramanns þeirra í hjerði í málsfærslulaun, Jón Jónsson að helmingi, en hinir tveir að fjórðungi hvor. Þessum dómi er af hálfu hins opinbera og að því, er Jón Jónsson snertir, eptir ósk hans, áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hinna ákærðu og öðrum upplýsingum, sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að Jón Jónsson hafi 5 sinnum í vetur, er leið, farið inn í sölubúð Magnúsar kaupmanns Jónssonar í Bráðræði, tvisvar sinnum einsamall, tvisvar sinnum með meðákærða Hjálmari, og einu sinni með meðákærða Jóni Guðmundssyni. Í þessi skipti stal hann,

auk ýmislegs smávegis, alls 81 kr. í peningum, sumpart úr peningaskúffunni, sumpart úr púlti þar í búðinni, og var bæði skúffan og púltið opið; af þessum 81 kr. gaf hann meðákærða Jóni Guðmundssyni 2 kr. Hjálmar Nielsson, sem fór tvisvar í nefnda sölubúð með meðákærða Jóni Jónssyni, stal þar úr peningaskúffunni 1 kr. 55 a., en Jón Guðmundsson, sem fór einu sinni í búðina með Jóni Jónssyni, stal þar engu sjálfur, en tók við af Jóni Jónssyni 2 kr. í peningum og ýmsu smávegis, svo sem einni buddu og nokkrum tvíbökum. Í búðina fóru hinir ákærðu á þann hátt, að þeir skriðu inn um opinn glugga á kjallaranum undir búðarhúsinu; þaðan fóru þeir upp um hlemm í gólfinu upp í geymsluherbergi, sem er aptur af búðinni, og úr því inn um ólæstar dyr inn í búðina. Af því, sem Jón Jónsson stal, eru komnar til skila 65 kr., og þar að auki þær 2 kr., sem hann fjekk meðákærða Jóni Guðmundssyni. Það, sem ekki er komið til skila af þýfinu, er þannig sú 1 kr. 55 a., sem Hjálmar Nielsson stal, og af því, sem Jón Jónsson stal, 14 kr., auk ýmislegs smávegis, sem virt er samtals 50 a.

Brot hins ákærða Jóns Jónssonar, sem er 19 ára gamall, og ekki hefur áður verið dæmdur nje ákærður fyrir neitt lagabrot, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 231. gr. 4. tölulið í hegningarlögunum, og virðist hegningin þá hæfilega metin 9 mánaða betrunarhúsvinna, svo ber honum einnig að borga iðgjöld hins stolna með 14 kr. 50 a., þar af 14 a. in solidum með Jóni Guðmundssyni. Brot hins ákærða Hjálmars Nielssonar, sem er 17 ára, og hefur ekki áður sætt hegningu nje ákæru, er sömuleiðis rjettilega heimfært af undirdómaranum undir 231. gr. 4. tölulið, 38. gr., 29. gr. og 22. gr. hegningarlagna, og virðist honum hæfilega hegnt eptir 30. gr. sömu laga með 16 haggá hýðingu

með reyrpriki, svo greiði hann og í iðgjöld hins stolna 1 kr. 55 a. Eftir sömu lagagreinum virðist Jóni Guðmundssyni, sem er 16 ára að aldri, hæfilega hegnt með 12 haggá hýðingu með reyrpriki; svo ber honum og að greiða 14 a. í iðgjald in solidum með Jóni Jónssyni. Enn fremur ber hinum ákærðu að greiða allan kostnað af málinu, þannig að þeir Jón Jónsson og Hjálmar Níelsson borgi hvor um sig kostnaðinn af varðhaldi sínu, en allir hinir ákærðu borgi allan annan málskostnað in solidum, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara fyrir yfirdóminum 12 kr., og til svaramanns þeirra fyrir undir- og yfirjetti 22 kr.

Meðferð málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Jón Jónsson á að sæta 9 mánaða betrunarhússvinnu og greiða í iðgjöld til Magnúsar kaupmanns Jónssonar kr. 14,50, þar af 14 a. in solidum með Jóni Guðmundssyni. Hinir ákærðu Hjálmar Níelsson og Jón Guðmundsson eiga að hýðast, hinn fyr nefndi 16 og hinn síðar nefndi 12 höggum með reyrpreiki, og borga í iðgjöld til nefnds kaupmanns, hinn fyr nefndi kr. 1, 55 og hinn síðar nefndi 14 a. in solidum með Jóni Jónssyni, meðákærðum.

Hinir ákærðu, Jón Jónsson og Hjálmar Níelsson, borgi hvor um sig allan kostnað af varðhaldi sínu; allan annan kostnað af málinu, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara fyrir yfirdóminum, organista P. Guðjohnsens, 12 kr., og til svaramanns þeirra fyrir undir- og yfirjetti, mála-

flutningsmanns Páls Melsteðs, 22 kr., borgi hinir ákærðu in solidum.

Hið ídæmda ber að greiða innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 15/1877: Jón landshöfðingjaritari Jónsson
gegn

Einari prentara Þórðarsyni
fyrir hönd landsprentsmiðjunnar.

Dómur.

Með því áfrýjandinn eigi hefur lagt fram í yfirdóm-
inum sum skjöl þau, er voru fyrir undirrjettinum, og
undirdómarinn að nokkru leyti hefur byggt dóm sinn
á, fær yfirdómurinn eigi fyllilega rannsakað ástæður
þær, er undirrjettardómurinn er byggður á, og ber því
að vísa ex officio máli þessu frá yfirdóminum. Hinn
stefndi Einar prentari Þórðarson hefur eigi mætt nje
mæta látið eptir stefnunni fyrir yfirdóminum, og fellur
því málskostnaður hjer fyrir rjettinum niður.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Málskostnaður
fyrir yfirdóminum falli niður.

Nr. 33/1876: Sumarliði Sumarliðasom
gegn

Þorsteini Thorsteinsen.

Úrskurður.

Í máli þessu hefur hinn stefndi heimtað, að því
yrði vísað frá yfirdóminum, sumpart vegna þess, að á-
frýjandinn eigi hafi samkvæmt tilsk. 11. júlí 1800 § 16